

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Staphólsvegs, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 26. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Staphólsvegs í Grindavík. Breytingin felur í sér að Staphólsvegi 3 verður skipt upp í tvær lóðir og að reist verður 4 hæða fjölbýlishús. Lóð við Staphólsveg 3 verður 3.493 m². Á nýrri lóð, Staphólsvegi 5, verður leyfilegt að reisa fjögurra hæða fjölbýlishús með hámarkshæð 12 m. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Grindavík, 29. febrúar 2016.

Ármann Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2016